

Rangárþing eystra  
Þóra Björg Ragnarsdóttir  
Austurvegur 4  
860 HVOLSVÖLLUR

Garðabær, 3. janúar 2024  
Málsnúmer: 202311-0039  
LA

## Efni: Umsögn um breytingar á aðalskipulagi fyrir nýtt verslunar- og þjónustusvæði í landi Rauðuskriða í Rangárþingi eystra

Við er í tölvubréf gegnum Skipulagsgátt, dags. 21. nóvember 2023, þar sem Rangárþing eystra óskar eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögur að aðalskipulagsbreytingum í landi Rauðuskriða. Breytingin felur í sér að 9,6 ha af landbúnaðarsvæði er breytt í verslunar- og þjónustusvæði með 25 smáhýsum fyrir allt að 50 gesti. Auk þess verður skilgreind íbúðarlóð, 15 ha, sem tekin er úr núverandi frístundabyggð og landbúnaðarsvæði.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur farið yfir skipulagsgögn og gerir eftirfarandi athugasemdir.

Sunnan við skipulagssvæðið eru tvö svæði á náttúruminjaskrá, þ.e. svæðið Litla- og Stóra-Dímon (nr. 717) sem liggur um kílómetra sunnan við Rauðuskriður og náttúruminjasvæðið Tjarnir og Tjarnarnes (nr. 719) sem er í um 4 km suðvestan við Rauðuskriður.

Náttúrufræðistofnun hefur áður bent á í umsögnum sínum til sveitarfélagsins að Suðurlandsundirlendi hefur verið skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði, meðal annars vegna mikils þéttleika vaðfugla. Grónar og hálfgrónar áreyrar Markarfljóts eru þar engin undantekning og fóstur mikið fuglalíf. Má þar sérstaklega nefna spóa en búsvæði af þessu tagi eru kjörlandi hans hér á landi með einhvern mesta þéttleika sem þekktist á heimsvísu. Þéttleiki margra annarra vaðfugla er einnig hár og þá er kjói mjög algengur á svæðinu en hann er á valista sem tegund í hættu. Búsvæðum þessara fugla er víða ógnað, s.s. vegna framrásar lúpínu og skógræktar og nú á seinni árum einnig vegna uppbyggingar frístundabyggða og ferðaþjónustu. Mikilvægt er að vernda sem stærst, samfelld svæði fyrir raski og uppbroti (e. fragmentation) og reyna að hefta frekari útbreiðslu lúpínu.

Náttúrufræðistofnun ítrekar ábendingu um mikilvægi þess að sveitarfélög á Suðurlandi marki sér stefnu um verndun búsvæða vaðfugla til að tryggja viðunandi verndarstöðu þessara tegunda til framtíðar, m.a. með því að leggja mat á samlegðaráhrif ólíkra framkvæmda og leitast við að lágmarka neikvæð áhrif þeirra á vaðfuglastofna.

Skipulagssvæðið er innan skilgreinds hættusvæðis vegna mögulegra jökulhlaupa.

Uppbygging á verslunar- og þjónustusvæði við Rauðuskriður er fyrirhuguð á ræktuðu landbúnaðarsvæði og því er um að ræða svæði sem hefur áður verið raskað. Hins vegar hefur Náttúrufræðistofnun á síðasta ári gefið umsagnir um uppbyggingu frístundabyggða og ferðaþjónustusvæða á þremur svæðum í nálægð við Rauðuskriðu. Þannig að á svæði sem er innan við 20 km<sup>2</sup> á stærð vestan við Markarfljót er fyrirhuguð uppbygging á frístundabyggð og ferðaþjónustusvæðum á rúmlega 200 ha svæði.



Meðfylgjandi er kort sem sýnir skipulagssvæðin og tafla sem gefur upp stærðir landnýtingar og gistirými innan þjónustusvæða ef það hefur komið fram í skipulagslýsingu.



Land	Frístundabyggð (ha)	Verslun- og þjónusta (ha)	Gistirými	ATH
Rauðuskriður	2	9,6	50	Mikilvæg fuglasvæði
Dímonarflatir	51,6		?	Mikilvæg fuglasvæði
DÍlafliót		15	30	Náttúruminjaskrá, Hverfisvernd, Mikilvæg fuglasvæði
Brú	92,3	42,7	?	Mikilvæg fuglasvæði
<b>Samtals</b>	<b>145,9 ha</b>	<b>67,3 ha</b>		

Náttúrufræðistofnun telur brýnt að sveitarfélagið meti innan Landeyja samlegðaráhrif aukinnar umsvifa mannsins á náttúrufer svæðisins, s.s. vegna skógræktar, uppbyggingu frístundabyggða og ferðaþjónustusvæða, og þá sérstaklega áhrif á fuglastofna þar sem um er að ræða mikilvæg búsvæði. Þá þarf að endurmeta viðbragðsáætlanir og flóttaleiðir í samræmi við aukna ferðaþjónustu og frístundabyggð.

Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt á frekari athugasemdum á síðari stigum.

Virðingarfyllt,

*Lovísa Ásbjörnsdóttir*

Lovísa Ásbjörnsdóttir  
jarðfræðingur, Náttúruverndarsvið

